

Líffæraígræðsla

Minnislisti fyrir sjúkling á biðlista

Boðun í líffæraígræðslu

Símtal getur borist frá lækni hvenær sem er sólarhrings, því þarf alltaf að vera í símasambandi.

- ☐ Gera þarf gátlista yfir það sem taka á með í ferðalagið, til dæmis síma, hleðslutæki, tölvu, aukasett af þægilegum fötum, inniskó og hlífðarfatnað sem hentar árstíð. Sjúkrahúsfatnað færðu á spítalanum í Gautaborg.
- ☐ Fasta þarf frá símtali eða samkvæmt fyrirmælum sérfræðilæknis sem hringir.

Vertu alltaf í símasambandi þar sem
símtalið getur borist hvenær sem er

Veikindi á biðtíma

- ☐ Láta þarf vita ef önnur bráð veikindi koma upp, sérstaklega sýkingar. Bið á biðlistanum verður þá tímabundið gerð óvirk þar sem bráð veikindi eða sýking getur stefnt heilsu líffæraþega í hættu eftir aðgerð.

Sjúkraflug og ferð á flugvöll

- ☐ Mæta á þann flugvöll sem var rætt um í símtali. Ýmist er flogið frá Reykjavíkflugvelli eða Keflavík.
- ☐ Reiknað er með um klukkustund í undirbúning fyrir flug frá Reykjavíkflugvelli fyrir þá sem búa á Stór-Reykjavíkursvæðinu.
- ☐ Ef sjúklingur er búsettur utan Reykjavíkur er hann sóttur eftir atvikum til Akureyrar eða Egilsstaða. Sjúkraflug er skipulagt frá öðrum stöðum eftir aðstæðum.

Sjúkrabíll sækir sjúkling við landingu á Landvetter flugvöllinn við Gautaborg.

Skilríki og annað sem þarf að taka með

- ☐ Hafa þarf skilríki meðferðis. Það getur verið vegabréf í gildi, nafnskríteini sem ferðaskilríki eða ökuskríteini. Þetta á einnig við um fylgdarmann.
- ☐ Taka þarf öll lyf með því einstaka sinnum er hætt við ígræðsluna ef í ljós kemur að líffæri sem í boði er hentar ekki.
- ☐ Ef sjúklingur er í kviðskilun þarf að taka með tæmingarpoka, sótthreinsitappa og kviðskilunarvökva ef ekki reynist hægt að framkvæma ígræðsluaðgerð.

Fylgdarmaður

Séra Ágúst Einarsson, prestur og starfsmaður Sjúkratrygginga Íslands, aðstoðar fylgdarmann við að finna gistingu á sjúkrahótel í Gautaborg á dagvinnutíma. Utan dagvinnutíma þarf að finna gistingu samkvæmt leiðbeiningum. Gert er ráð fyrir að fylgdarmaður komi sér sjálfur frá flugvelli á hotel.

- ☐ Læknir sækir um heimild til fararinnar fyrir sjúkling og einn fylgdarmann. Ekki þarf að gefa upp nafn fylgdarmanns fyrir fram.
- ☐ Fylgdarmaður þarf sjálfur að leggja út fyrir kostnaði meðan á dvöl stendur svo sem fyrir mat og ferðum og geyma kvittanir.
- ☐ Eftir að heim er komið getur sjúklingur sótt um dagpeninga fyrir fylgdarmann til Sjúkratrygginga Íslands, sjá sjukra.is.
- ☐ Fylgdarmaður þarf ekki að leggja út fyrir flugi og hóteli sem vísað er á. Sjúkratryggingar Íslands greiða það beint.

Heimferð og heimkoma

Heimferð til Keflavíkur er skipulögð af starfsfólki á Sahlgrenska sjúkrahúsinu, oftast í áætlanarflugi, með millilendingu í Kaupmannahöfn eða Stokkhólmi.

- ☐ Næsta virka dag eftir heimkomu er mæting á göngudeild 10E, nema ef um innlögð er að ræða.
- ☐ Gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði samkvæmt reglum sjúkratrygginga um greiðsluþátttöku sjúklinga vegna læknisheimsóknna og rannsóknna fyrstu mánuðina eftir ígræðslu.
- ☐ Sjúkratryggingar Íslands taka ekki þátt í að greiða fyrir öll lyf sem nota þarf eftir aðgerðina og gera þarf ráð fyrir auknum kostnaði vegna ónæmisbælandi lyfja fyrst um sinn. Læknir sækir um lyfjaskirteini eftir þörfum.

Eftir ígræðslu nýs líffæris skiptir mjög miklu máli að fylgja ráðleggingum læknis til að halda líffærinu og bæta lífsgæði. Mikilvægt er að taka lyfin á réttum tíma og mæta í reglubundnar blóðsýnatökur og eftirlit.

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
OKTÓBER 2024
FRÆ-1145

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR 10E
OG YFIRLÆKNIR NÝRNALÆKNINGA

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR
LANDSPÍTALA